

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal öðlast gildi við birtingu.

Ísafirði, 31. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Reynilund 10.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

Breyting á deiliskipulagi við Óttuhæð 1.

Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 8. febrúar 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá Grindavíkurbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Listi yfir þá sem falla undir 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá Grindavíkurbæ:

Bæjarstjóri.
Fjármálastjóri.
Félagsmálastjóri.
Skólamálafulltrúi.
Deildarstjóri launadeildar.
Umsjónarmaður eigna.
Slökkviliðsstjóri.
Slökkviliðsmenn, 19 menn.

Skólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Aðstoðarskólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Skólastjóri leikskólans í Laut.
Forstöðumaður Íþróttamannvirkja.
Forstöðumaður Þrumunnar
Skólastjóri Tónlistarskóla.
Forstöðumaður bókasafns.
Hafnarstjóri.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Grindavík, 1. febrúar 2005.

Jón Þórisson fjármálastjóri.